

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	17.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5812012650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitsferðinni komu fram þrjú frávik frá þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi.

1. Útblásturshraði í reykháfi er ekki að ná 20 m/s.
2. Heildarúttekt á losun mengandi efna hefur ekki skilað sér.
3. Grænu bókhaldi var skilað of seint en barst í júlí sl. Engin eftirfylgni verður út af því.

Engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Í upphafi eftirlits var fundað með verksmiðjustjóra og farið sameiginlega yfir starfsleyfi fyrirtækisins og síðustu eftirlitsskýrslu. Síðan var verksmiðjan og umhverfi hennar skoðað í fylgd verksmiðjustjóra.

Vinnsla í verkssmiðjunni er hefðbundin bræðsla á uppsjávarfiski og einnig á fiskúrgangi.

Allt athafnasvæði og umhverfi verksmiðjunnar er snyrtilegt umgengni bæði utan húss og innan er góð. HAUST bárust í sumar kvartanir frá íbúum vegna mengunar frá verksmiðjunni. Þeim kvörtunum var sinnt og fór heilbrigðisfulltrúi á staðinn. Um var að ræða kvartanir vegna fitubrákar á sjó, en fitugildra verksmiðjunar annaði ekki álagi eða mistök hördi orðið í verksmiðjunni. Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna þessa.

Við reglubundið eftirlit nú á haustmánuðum var fullkomið hreinsivirki og redox-skilja komin í notkun. Engin sýnileg mengun berst lengur í sjó frá verksmiðjunni.

Fram kom á fundi í eftirlitinu að í apríl 2016 voru gerðar mælingar á hraða útblásturslofts og á ryki og súrefni í útblæstri frá verksmiðjunni. Útblásturshraði stóðst ekki kröfur í starfsleyfi en ryk í útblæstri stóðst starfsleyfiskröfur. Mælingar í fráveitu voru gerðar þegar unnin var kolmunni í maí 2016 og komu mælingar vel út gagnvart losunarmörkum í starfsleyfi. Árlegar mælingar úr fráveitu sbr. 3.2 í starfsleyfi hafa ekki borist fyrir 2017. Eins hefur heildarúttekt á losun mengandi efna frá verksmiðjunni sbr. 5.2 ekki skilað sér en skilafrestur var til 1. maí 2016.

TVN er alltaf mælt og skráð reglulega og sent til Umhverfisstofnunar.

Frávik frá

ákvæði í grein 2.13 um að útblásturshraði sé a.m.k. 20 m/s, eða að rekstraraðili sýni fram á með loftdreifilíkani að minni lofthraði í strompi hafi ekki aukin umhverfisáhrif.

Lýsing á fráviki

Útblásturshraði í reykháfi nær ekki 20 m/s. Úrbætur hafa ekki verið gerðar né hefur loftdreifilíkan borist eftirlitsaðila/Umhverfisstofnun.□

ákvæði í grein 5.2 í starfsleyfi

Heildarúttekt á losun mengandi efna frá verksmiðjunni hefur ekki borist Umhverfisstofnun.

ákvæði 3.3 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi og samkvæmt 11. grein í reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 skal skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert.

Grænu bókhaldi var skilað í júlí sl. og því verður ekki eftirfylgni út af þessu.


ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.12.2017



Gottskálk Friðgeirsson